

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 17. september 2020 kl. 9:30, en þetta var 81. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson, orðanefndarmenn, og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 80. fundar, sem áður hafði verið send nefndarmönnum, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu óvenju mörg verkefni, orðalistar sem áður höfðu verið sendir út.

- a. **Micropenis** og **hypospadias**. Fyrirspurn vegna þessara heita hafði nýlega borist frá Forsætisráðuneytinu vegna lagafrumvarps, sem mun í einu ákvæði laganna gera ráð fyrir sérreglu um ódæmigerð kyneinkenni hjá börnum. Ákveðið var að í færslu vegna micropenis yrði íslenska aðalheitið „smáreður“ og íslensku samheitið: „smálimur“ og „smátýppi“. Íslenska heitið fyrir hypospadias yrði svo „neðanrás“ og samheitið: „neðanþvagrás“.
- b. **Inoculation, immunization** og **vaccination**. Þessi heiti voru nú tekin fyrir í framhaldi af yfirferð á fyrri fundum á heitum í ónæmisfræði. Heitið „inoculation“ mun verða skráð í með þremur mismunandi færslum þar sem hver inniheldur sína skilgreiningu. Heitið „immunization“ mun á svipaðan hátt verða skráð í tveimur færslum og heitið „vaccination“ í tveimur. Umræðu um íslensku heitin lauk ekki alveg og mun verða tekin upp á næsta fundi.
- c. **Menopause**. Umfjöllun um þetta og nokkur tengd heiti, s.s. „premenopause“, „perimenopause“ og „postmenopause“ var hafin vegna nýlegrar fyrirspurnar. Ákveðið var að aðalheitið fyrir menopause yrði „tíðalok“, en til greina kæmi að hafa einnig í færslunni samheitið „tíðahvörf“. Þetta þarf að ræða nánar á næsta fundi.
- d. **Physical allergy**. Þetta heiti var tekið fyrir í framhaldi af fyrrgreindri yfirferð á heitum í ónæmisfræði. Um er að ræða ástand þar sem eðlisfræðilegir þættir, s.s. hiti, kuldi eða ljósgeislun, geta komið af stað líkamlegu viðbragði sem líkst ofnæmisviðbragði. Fram komu tillögur um að til greina kæmu heitin: „eðlisrænt ofnæmi“, „hlutrænt ofnæmi“ og „eðlisþáttaofnæmi“. Þessar tillögur þarf að ræða nánar á næsta fundi.
- e. **Glóbúlin**. Farið var yfir áður útsendan lista með heitum sem innihalda enska orðið „globulin“. Athugasemdir höfðu komið og verður listinn lagfærður í samræmi við þær og síðan birtur í Íðorðabankanum.
- f. **Sickle cell crisis** og **vasoocclusive crisis**. Umfjöllunin fór fram vegna fyrirspurnar frá Lyfjastofnun. Ákveðið var að leggja annars vegar til heitin „sigðkornakreppa“ og „sigðfrumukreppa“ og hins vegar „æðastíflukreppa“ og „æðalokunarkreppa“.

3. Ársskýrsla orðanefndar til LÍ. Áður útsend skýrsla 2020 var tekin fyrir og samþykkt.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður 15 október. JHJ mun að venju undirbúa þann fund og boða nánar með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið um kl. 10:30. Fundargerð ritaði JHJ.